
Varanlegar menjar



Arngunnur Ýr Gylfadóttir: „Varanlegar menjar"; hluti.

Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Nú stendur yfir í austursal Kjarvalsstaða sýning frá hendi ungrar listakonu, Arngunnar Ýrar Gylfadóttur. Sýningin ber yfirskriftina „Varanlegar menjar", eftir þeim fjórum myndaseríum, sem eru eins konar kjarni hennar.

Arngunnur Ýr er ein úr vaxandi hóp íslenskra listamanna, sem má segja að starfi á alþjóðlegum grunni fremur en íslenskum. Það er ekki aðeins að viðkomandi hafi fengið sína listmenntun bæði hér á landi og síðan beggja vegna Atlantshafsins, heldur starfar þetta listafólk áfram á sama hátt, vinnur um tíma á Íslandi, síðan í Evrópu og loks í Bandaríkjunum – og sýnir svo afraksturinn hér heima. Þessi lýsing gildir um báðar þær sýningar sem nú eru í gangi á Kjarvalsstöðum, og á síðasta ári var haldinn nokkur fjöldi sýninga, sem svipað má segja um.

Þessi aukni alþjóðabragur í íslenskri myndlist verður vissulega til að auðga þann myndheim sem landsmönnum stendur til boða. En fjölbreytnin er ekki mælikvarði í sjálfu sér, og því er gaman að sjá að Arngunnur Ýr hefur lagt ákveðnar hugmyndir til grundvallar sýningu sinni. Hún skýrir þær stuttlega í lítilli og gagnlegri sýningarskrá, þar sem hún segir m.a.:

„Ég hafði ... áhuga á að notfæra mér ýmiss konar tækni samfara málverkinu með því að skapa eins konar veggmyndir, sem væru í senn málverk og skúlptúr. ... Í Varanlegum menjum vildi ég sýna innri líkamann sem veröld sem við í raun þekkjum og skiljum ekki, og höfum lítið vald yfir. Hann er sem tákn hins óvaranlega og óörugga, í senn leyndardómsfullur og fagur, og ógnvekjandi og ljótur. Ég vildi reyna að sameina hugmyndir um andann og holdið sem eitthvað skylt frekar en aðskilið."

Meginuppistaða sýningarinnar birtist í fjórum seríum, sem heita „Varanlegar menjar" I, II, III og IV. Í hverri eru fjórar myndir, sem tengjast greinilega hinum seríunum; þannig er fyrsta myndin ætíð af ávöxtum (nr. 10, 14, 18, 22), næst koma glerverk (nr. 11, 15, 19, 23) o.s.frv.

En menjar hvers er hér um að ræða? Listakonan gefur í þessum verkum sterklega til kynna tilfinningu sína fyrir hringiðu lífs og dauða; allt er ferskt og blómstrandi einn daginn, en skyndilega skorpið og fölnað þann næsta. Áhorfendur eru minntir á að litagleði lífsins er aðeins stundarfyrirbrigði, og kuldi dauðans er ávallt á næsta leiti. Ef til vill er ferillinn frá mýkt flauelsins (nr. 13) til hörku marmarans (nr. 25) besta vísbendingin um það.

Á sama hátt og samband lífs og dauða er öllum leyndardómur nema hinum innilega trúuðu, eru krankleikar líkamans og innri form hans flestum hulinn heimur nema hinum innvígðu í heilbrigðisgeiranum. Því er vel til fundið hjá Arngunni Ýr að fjalla andspænis „Varanlegum menjum" um dulúð mannslíkamans, eins og hún birtist í röntgenmyndum; listakonan segir í sýningarskránni að þessar hjálparmyndir læknavísindanna hafi „flókna þýðingu, þar sem þær eru oft tákn um sjúkdóma og hrörnun en búa samt yfir undarlegri fegurð og leyndardómi". Þetta sýnir hún með því að setja röntgenmyndir í ljósakassa og lýsa upp aftan frá; oft er aðskotahlutum (steinum, beinum, eða hárum) bætt inn í kassana, sem eykur enn við það andrúmsloft furðuheims, sem fylgir þessum sérkennilegu kössum.

Þessi sýning Arngunnar Ýrar er um margt athyglisvert upphaf á nýju myndlistarári. Þarna er fjallað um lífið og dauðann, hin eilífu viðfangsefni menningarsögunnar, og kemur sterkt fram að listakonan finnur fegurð í hvoru tveggja, jafnframt því sem hún veltir fyrir sér á hvern hátt hinir ýmsu þættir tengjast. Tæknilega velur Arngunnur Ýr síðan þær vinnuaðferðir sem hún telur henta viðfangsefninu best hverju sinni, og er óbundin af hefðum í því vali.

Styrkur sýningarinnar felst í viðfangsefni, sem gefur heildinni þann ferska svip sem er aðalsmerki skapandi myndlistar. Á vissan hátt má einnig segja að í því felist veikleiki einstakra verka, því án þess samhengis sem heildin veitir verður hvert þeirra vissulega ekki jafn kraftmikið. En það verður athyglisvert að sjá hvernig listakonan á eftir að vinna úr öðrum viðfangsefnum á sýningum sínum í framtíðinni.

Sýningu Arngunnar Ýrar í austursal Kjarvalsstaða lýkur sunnudaginn 27. janúar.



Hermann Baumann



Joseph Ognibene



Þorkell Jóelsson



Emil Friðfinnsson

Sinfóníutónleikar

Tónlist

Jón Ásgeirsson

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands sl. fimmtudag voru sérkennilega samsettir. Þeir hófust á hljómsveitarútfærslum sem Tsjajkovskíj gerði á fjórum smáverkum eftir Mozart. Þessar útfærslur eru ekki merkilegar að gerð og sannar það, að elskulegur skáldskapur nýtur sín best í upprunalegri gerð sinni og batnar sjaldan þó reynt sé að blása hann upp í umfangsstærra form.

Á eftir þessum undarlega samsetningi eftir Tsjajkovskíj kom eitt af meistaraverkum Mozarts, nefnilega Hornkonsert nr. 3, Es-dúr konsertinn, og þar var einleikari hornsnillingurinn Hermann Baumann. Leikur Baumanns var glæsilegur, sérstaklega í lokakaflanum. Hægt er að velta því fyrir sér hvort fallegra sé að leika miðþáttinn, Rómönsuna, aðeins hægar en Baumann gerði, þó án þess að reynt sé að gera þessa yndislegu tónlist rómantíska. Hvað um það þá var Mozart hressilega leikinn, sem fellur vel við hreina og tæra list þessa einstæða snillings.

Manfred, eftir Byron, var á sínum tíma verk sem hafði margvísleg áhrif og til eru mörg tónverk sem tengjast þessu ljóðdrama. Manfred forleikurinn eftir Schumann er það eina sem stundum er leikið af þessari leikhústónlist Schumanns, sem er ágætlega gert verk en ekki sérlega áhugavert, nema fyrir þá sök, að það heyrist sjaldan. Líklega, eins og með Manfred-sinfóníuna eftir Tsjajkovskíj, geldur verkið þess að mynd hins tvíráða Manfreds hefur dofanð með árunum og á hann slegið skugga af öðrum og meira áberandi „karakterum" nútímans. Þessi tónverk hafa því misst slagkraft sinn og spennu, vegna þess að hlustendur hvorki vita eða hafa tilfinningu fyrir innihaldi þeirra.

Sérkennileg samsetning þessara tónleika, sem minnst var á í upphafi, á við um fyrsta verkið og Manfred-forleikinn. Val síðasta verksins tengist komu Hermanns Baumann og var ásamt Mozart konsertinum það sem áhugaverðast var á þessum tónleikum. Samleikur hornistanna var mjög góður en ásamt Baumann léku Joseph Ognibene, Þorkell Jóelsson og Emil Friðfinnson. Joseph Ognibene er fyrrverandi nemandi Baumanns en Emil er nú í námi hjá meistaranum, svo að þarna var vel samstilltur hópur. Hornkvartett er óvenjuleg skipan en þessi „kvartett-konsert" er hin skemmtilegasta tónsmíð og gefur hornistum tækifæri til að útfæra með glæsibrag hinn gullmjúka hljóm hornanna, sem svo sannarlega mátti heyra í leik félaganna.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, undir stjórn Petri Sakari, lék ágætlega, bæði í hornkonsertinum eftir Mozart og í Manfred-forleiknum eftir Schumann. Í „Mozart-verkinu" eftir Tsjajkovskíj, áttu nokkrir félagar hljómsveitarinnar ágætar einleiksstöfur í tilbrigðakaflanum og að því leiti til var flutningur verksins ánægjulegur.

Íslenskt mál

Umsjónarmaður Gísli Jónsson

574. þáttur

Með þökkum birti ég bréf frá Erni Bjarnasyni í Reykjavík:

„Hafðu fyrst af öllu þakkir fyrir ágæta pistla.

Tilefni þess að ég sendi þér línu, er nafngjöf þess fyrirbæris, sem á þýzku heitir **Einfühlung** (samanber 568. þátt þinn í Morgunblaðinu 16. desember) og þýtt hefir verið **empathy** á ensku. Um þetta hafa verið notuð heitin **hluttekning, samúð** og **samúðarskilningur.**

Ekkert þeirra er þó nægilega lýsandi fyrir það, sem í hugtakinu felst: Að varpa eigin persónuleika yfir á annan, til þess að skilja hann betur (Orðabók Webster's) — eða eins og því er lýst í læknisfræðinni: Innsæi í reynslu, tilfinningar og hugsanir annarra.

Hér má hins vegar beita þeim aðferðum við orðmyndun, sem lýst er í fyrrnefndum þætti og liggur þá beint við að gefa því heitið **innúð.**"

★

Braglind þín
mun djúp,
þó þorni tjörn
hjá þjóð.

En höll þín
á hugans björgum
mun standa alhrein
um aldir skálda.
(Úr kveðju Jóhannesar Kjarvals til Einars Benediktssonar sextugs.)

★

Herbert Jónsson á Akureyri hefur oft komið að máli við mig vegna orðanna **notandi, neytandi** og **neysla.** Finnst honum einkum að orðið **neytendur** hafi nú fengið allt of víða merkingu og sé þrásinnis notað, þar sem ætti að hafa **notendur.** Ég er honum að verulegu leyti sammála. Að vísu er þess að gæta, að í **Íslenskri samheitaorðabók** er svo sem enginn munur gerður orðanna **notandi** og **neytandi,** en í **Orðabók Menningarsjóðs** er **neytandi** hins vegar skilgreint svo:

„Sá sem neytir einhvers (einkum andrætt **framleiðandi**)."

Nýuþykir okkur Herbert sem farið sé að víkka merkingu þessa orðs um of, kannski fyrir áhrif frá enska orðinu **consumer.** Herbert færði mér bækling frá **Pósti og síma,** og þar er til dæmis:

„Græn númer hafa rutt sér til rúms víða um lönd á mjög skömmum tíma og komið hefur í ljós, að neytendur hringja frekar í græn númer en senda t.d. pöntunarseðla, auk þess sem viðskiptin taka mun skemmri tíma."

Þarna höldum við Herbert að átt sé við **símnotendur,** við viljum heldur tala um **notendur** símans en „neytendur" hans. Þá sjáum við fyrir okkur of kynduga mynd. Og við erum ekki hrifnir af orðum eins og „menningarneysla" og „kennsluneysla", þótt við látum okkur vel líka neyslu góðs matar.

Í stuttu máli í lokin: Geta ekki **neytendur** alltaf verið **notendur,** en ekki öfugt nema stundum? Viljið þið velta þessu fyrir ykkur með mér? Sjá og JAJ hér í blaðinu 13. þ.m. og aftur 20.

★

Þættinum hefur borist svofelld viðbót frá ritstjóra Flugorðasafns, Jónínu M. Guðnadóttur.

„Í 572. þætti **Íslensks máls** var birtur greinarstúfur frá mér um hugtök og heiti sem flugorðanefnd hefur fjallað um á fundum sínum. Af orðum mínum mátti kannski skilja að öll feitletruðu orðin í greininni væru nýyrði nefndarinnar sem ekki hefði enn reynt á í samfelldu máli.

Svo er þó ekki. Mörg orðanna birtust sem nýyrði fyrir tæpum aldarfjórðungi í bókinni **Flugið,** sem kom út í íslenskri þýðingu Baldurs Jónssonar árið 1966 í Alfræðisafni AB. Þaðan voru orðin **hnita, veltivængur, veltivængja, færivængja** og **afturstrokinn.**

Orðið **þura** um hljóðfráa þotu sem nefnt var í greininni er reyndar ekki nýtt af nálinni heldur. Það er sótt í flugorðasafnið frá 1956 (**Nýyrði** IV). Orðið er fornt örvarheiti, sömu merkingar og orðið þota, en í meðförum nefndarinnar var því gefin sértækari merking. Önnur ný heiti sem nefnd voru eru á hinn bóginn hreinar nýsmíðar nefndarinnar.

Öll þessi heiti nefndi ég í sömu andrá „nýyrði", en það er vissulega teygjanlegt hugtak. Því sendi ég þessar línur að skýrara komi fram að flugorðanefnd leitast jöfnum höndum við að halda til haga því sem vel hefur verið gert til þessa dags og smíða ný heiti þar sem þeirra er þörf."

★

Mannsnafnið **Birgir** er skylt sögninni að **bjarga,** ætli það sé ekki sá sem bjargar öðrum eða bjargast sjálfur, er birgur eða borgið. Um þetta nafn segir E.H. Lind: „Icke funnet i äldre tiden. Från Island blott ett par fall."

Svo er sagt í **Sturlungu** að skillítill strákur félli í bardaga 1242, og er það langelsta dæmi nafnsins í bókmenntum okkar. Hið næsta er frá 1474. Í manntalinu 1703 var einn á öllu landinu, Birgir Guðmundsson, sjö ára gamall niðursetningur á Þverárhlíðarhreppi í Mýrasýslu. Svo hverfur nafnið langar og dimmar aldir, enginn 1801, 1845 né 1870. En einhvern tíma um síðustu aldamót lifnar nafnið við; eru þrír 1910, og svo rís landið, svo að um munar. Árin 1921-50 fá 443 sveinar þetta nafn, í þjóðskrá 1982 eru þeir 1030 og 20-40 í mörgum síðustu árgöngum.

★

Hlymkrekur handan kvað (eða öllu heldur stældi úr ensku):

Hann rauk upp með vindhviðukóf,
svo klæðin af Ingveldi hóf;
hún náði strípuð í Valda,
og nú muntu halda
að næsta braglína sé gróf.

P.s. Þökk sé Markúsi Erni Antonssyni fyrir að segja **evró**sport, ekki ómyndina „júró"-sport. Ísland er nefnilega í **Evrópu** (ekki „Júrópu"), og sumir nota **evrókort.**